

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Skaftafell III og IV, deiliskipulag.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum 10. mars 2022 deiliskipulag fyrir Skaftafell III og IV.

Deiliskipulagið nær yfir 42,1 ha og tekur til hluta jarðanna Skaftafell III og Skaftafell IV. Markmiðið er að sníða ramma utan um byggð lítilla húsa á jörðunum Skaftafell III og IV og staðsetja grunninnviði. Heimilt er að byggja samtals 35 hús á svæðinu sem hvert um sig getur verið 40 m² að grunnfleti.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast það þegar gildi.

Sveitarfélaginu Hornafirði, 16. ágúst 2022.

Brynja Dögg Ingólfssdóttir, umhverfis- og skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 30. ágúst 2022